



Framkvæmda- fréttir 19. tbl. /07

Flýting framkvæmda



Vestfjarðavegur (60) í Vatnsfirði. Einn þeirra vegarkafla sem verður flýtt í átaki ríkisstjórnarinnar.

Í framhaldi af ákvörðun ríkisstjórnarinnar um skerðingu á aflamarki á næsta fiskveiðiári hefur hún ákveðið að flýta vegaf framkvæmdum á ellefu stöðum á landinu. Alls á að veita 6,5 milljörðum króna umfram það sem áður hafði verið ákveðið í þessar flýtiframkvæmdir árin 2008, 2009 og 2010.

Samgöngubætur leiða til langtíma vaxtar og velmegunar líkt og tiltekið er í skýrslu Hagfræðistofnunar HÍ um dreifingu aflamarks á byggðarlög og hugsanlegar afleiðingar samdráttar í þorskafla sem unnin var fyrir sjávarútvegsráðuneytið. Með því að flýta samgönguframkvæmdum er leitast við að draga úr áhrifum samdráttar í fiskveiðum um leið og ráðist er í margvíslegar tímabærar framkvæmdir sem til þessa hafa verið á langtímasamgönguáætlun en er nú flýtt verulega.

Framkvæmdirnar eru flestar þegar inni í samgönguáætlun en eitt nýtt verkefni bætist við, endurbættur vegur um Öxi. Með þessari ákvörðun er unnt að hefja á næstunni undirbúning þessara verkefna og má gera ráð fyrir að hægt verði að auglýsa útboð á næstu misserum.

Fjárheimilda verður aflað eftir því sem við á ásamt því að verkefnið munu koma fram í tillögum um breytingar á samgönguáætlun sem lagðar verða fyrir Alþingi í haust. Tekið skal fram að engum framkvæmdum verður seinkað vegna þessara breytinga. Einnig er vakin athygli á því að á öllum þeim svæðum sem hér er átt við eru margvíslegar vegaf framkvæmdir ýmis hafnar eða í sjónmáli á þessu ári.

Flýtiféð skiptist þannig:

Árið 2008 1.530 milljónir króna.

Árið 2009 2.150 milljónir króna.

Árið 2010 2.820 milljónir króna.

Suðurland og Suðvesturland:

Suðurstrandavegur. Veita á rúmlega 1.400 milljónum króna til vegarins árin 2008, 2009 og 2012 sem þýðir að unnt verður að ljúka veginum árið 2010 í stað 2015 til 2018 eins og áform-

Framhald á næstu síðu og sjá kort í opnu.

Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 19. tbl. 15. árg. nr. 473 16. júlí 2007

Ritstjórn
og umsjón útgáfu:

**Viktor Arnar
Ingólfsson**

Ábyrgðarmaður:
Gunnar Gunnarsson
Prentun: Gutenberg

Ösk um áskrift sendist til:
Vegagerðin

**Framkvæmdafréttir
Borgartúni 7**

105 Reykjavík
(bréfsími 522 1109)
eða vai@vegag.is

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útboðs framkvæmdir fyrir verktökum. Fyrirhuguð útboð eru kynnt, útboðsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttafni sem verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka. Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur og fjölmiðlar. Áskrift er endurgjaldslaus.

að var. Vegurinn er mikilvægur fyrir sjávarútvegsbyggðirnar í Grindavík og Þorlákshöfn og skapar möguleika á samstarfi og vexti.

Vesturland:

Fróðárheiði. Tveimur köflum er ólokið, milli Egilsskarðs og Sæluhúss og milli Valsvatns og Útnesvegar. Með 600 milljóna króna fjárveitingu er stefnt að því að vinna við lokaáfangi geti hafist árið 2009.

Vestfirðir:

Vestfjarðavegur. Flýtt verður framkvæmdum í sunnanverðum Þorskafirði og milli Vattarfjarðar og Vatnsfjarðar. Með því verður vegasamband milli suðurhluta Vestfjarða og höfuðborgarsvæðisins komið í nútímalegt horf árið 2010 nema á veginum milli Vattarfjarðar og Kjálkafjarðar þar sem ólokið er umhverfismati vegna þess kafla.

Göng milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar. Ekki þarf að fara mörgum orðum um mikilvægi Arnarfjarðarganga fyrir samgöngur milli suður- og norðurhluta Vestfjarða. Gert er ráð fyrir að flýta framkvæmdum þannig að göngum megi ljúka árið 2012 í stað 2014 og um leið verði ráðist í vegabætur á Dynjandisheiði. Gert var ráð fyrir 3,8 milljarða fjárveitingu árin 2011 til 2014 skv. tillögu að langtímasamgönguáætlun en gert er ráð fyrir einum milljarði króna verði veitt í verkið árin 2009 og 2010.

Strandavegi milli Hólmavíkur og Drangsness verði að mestu lokið með bundnu slitlagi árið 2009. Þannig er stuðlað að því að byggðin verði eitt atvinnusvæði.

Norðurland og Austurland:

Tengingum Raufarhafnar og Þórshafnar við hina nýju Hófaskarðsleið yfir Melrakkasléttu verður flýtt og henni lokið árið 2010.

Norðfjarðargöng. Veita á alls 2,3 milljörðum til ganganna árin 2009 og 2010 en fyrstu fjárveitingar voru áætlaðar á árunum 2011 til 2014. Með þessu er stefnt að því að göngin verði tilbúin árið 2011.

Auglýsingar útboða

Vetrarþjónusta á Hringvegi (1), Norðausturvegi (85) og Aðaldalsvegi (845) frá Krossi til Húsavíkur 2007-2010 07-074

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í snjómokstur með vörubifreiðum ásamt stjórnun og eftirliti með snjómokstri, innan ramma marksamnings, á leiðinni:

Hringvegur (1), Norðausturvegur (85) og Aðaldalsvegur (845) frá Krossi til Húsavíkur

Helstu magntölur á ári eru (viðmiðunartölur marksamnings) :

Snjómokstur og hálkuvörn	
með vörubíl	25.700 km/ár
Eftirlit á smábíl	21.000 km/ár
Vörubíll mokstur tímagjald	40 klst./ár
Tímar manns	10 klst./ár

Verktími er frá 1. október 2007 til og með 30. apríl 2010.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Miðhúsavegi 1 á Akureyri og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 16. júlí 2007. Verð útboðsgagna er 2.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 31. júlí 2007 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

Dettifossvegur. Þótt þessi vegur tengi ekki sjávarbyggðir er hann mjög mikilvægur fyrir vöxt og viðgang annarrar atvinnustarfsemi á þessu svæði þar sem sjávarútvegur þarf að láta undan síga. Ljúka á veginum 2010.

Axarvegur. Vegur um Öxi er talinn hafa mikla þýðingu fyrir sjávarbyggðir á sunnanverðum Austfjörðum og hefur núverandi vegur þegar sýnt það. Hér er áformuð mun betri tenging Djúpvogs við Hérað og jafnvel Breiðdalsvíkur og Hafnar við Mið-Austurland sem skapar þessum byggðarlögum verulega aukna möguleika til vaxtar. Stefnt að verklokum árið 2010.

Farsímasamband

Lokið er forvali vegna útboðs á síðari hluta GSM verkefnisins sem nær til stofnvega sem fyrri áfangi náði ekki til og nokkurra ferðamannasvæða. Þrjú fyrirtæki uppfylltu skilyrði til forvals og hafa fengið send útboðsgögn. Tilboð verða opnuð um miðjan október. Lögð er áhersla á uppbyggingu svæða á Vestfjörðum og tryggt að henni verði lokið árið 2008.

Heimild: Fréttatilkynning samgönguráðuneytis

Héðinsfjarðargöng

Vinna við gangagröft gekk vel á báðum stöðum í viku 27 og náðu gangamenn Siglufjarðarmegin tveggja kílómetra markinu í lok vikunnar. Lengd ganga þeim megin frá er nú um 2.011 m og lengdust göngin þar um 74 m í viku 27. Lengd ganga Ólafsfjarðarmegin er nú 1.364 m og lengdust göngin þeim megin um 81 m. Samanlögð lengd ganga er nú 3.375 m sem er um 31,9% af heildarlengd.



Staða framkvæmda við Héðinsfjarðargöng 9. júlí 2007. Búið er að sprengja 2.011 m í Siglufirði og 1.364 m í Ólafsfirði.

Vetrarþjónusta á Norðausturvegi (85) á Tjörnesi og Kísilvegi (87), 2007-2010 ⁰⁷⁻⁰⁷²

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í snjómokstur með vöru-
bifreiðum ásamt stjórnun og eftirliti með snjómokstri,
innan ramma marksamnings, á leiðinni:

Norðausturvegur (85) á Tjörnesi og Kísilvegur (87)

Helstu magntölur á ári eru (viðmiðunartölur marksamnings) :

Snjómokstur og hálkuvörn með vörubíl	28.000 km/ár
Eftirlit á smábíl	27.000 km/ár
Vörubíll mokstur tímagjald	50 klst./ár
Tímar manns	100 klst./ár

Verktími er frá 1. október 2007 til og með 30. apríl 2010.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Miðhúsavegi 1 á Akureyri og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 16. júlí 2007. Verð útboðsgagna er 2.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 31. júlí 2007 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

Vetrarþjónusta á Hringvegi (1), Aðaldalsvegur (845) – Biskupsháls, 2007-2010 ⁰⁷⁻⁰⁷³

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í snjómokstur með vöru-
bifreiðum ásamt stjórnun og eftirliti með snjómokstri,
innan ramma marksamnings, á leiðinni:

Hringvegur (1), Aðaldalsvegur(845) – Biskupsháls.

Helstu magntölur á ári eru (viðmiðunartölur marksamnings) :

Snjómokstur og hálkuvörn með vörubíl	18.000 km/ár
Eftirlit á smábíl	14.000 km/ár
Vörubíll mokstur tímagjald	100 klst./ár
Tímar manns	10 klst./ár


Verktími er frá 1. október 2007 til og með 30. apríl 2010.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Miðhúsavegi 1 á Akureyri og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 16. júlí 2007. Verð útboðsgagna er 2.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 31. júlí 2007 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.



Nýr vegur um Öxi kemur inn sem flýtiverk í átaki ríkisstjórnarinnar..



Samtals er búið að sprengja 3.375 m sem er 31,9% af heildarlengd.

Framkvæmdir 2007

Helstu verkefni sem unnið verður við á

(Birt með fyrirvara um mögulegar breytingar)

Verkefnum hraðað

samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar



árinu

í júlí 2007



10.07.2007 VAI

- Bundið slitlag á þjóðvegum í árslok 2006
- Þjóðvegir með malarslitlagi
- Framkvæmdakafli sem vinna hefst við á árinu 2007
- Verkefnum hraðað samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar í júlí 2007



Mammoet vagnlestin beygir á öllum hjólum af Norðfjarðarvegi (92) inn á Hringveg (1) við Egilsstaði. Myndirnar tóku umferðareftirlitsmenn Vegagerðarinnar.

Þyngstu flutningar á vegakerfinu

Í vor og sumar hafa verið fluttir eftir þjóðvegum frá Reyðarfirði í Fljótsstöð í Fljótsdal (stöðvarhús Kárahnjúkavirkjunar) spennar sem eru þyngstu hlutir sem farið hafa eftir vegakerfinu og er þessum flutningum nú lokið.

Mikil vinna var lögð í að reikna burðargetu brúa á leiðinni en fara þurfti yfir nokkrar gamlar brýr. Það reyndist vera Grímsá á Völlum sem var veikasti hlekkurinn vegna lengdar, en brúin er 70 m löng í tveimur höfum. Við mælingu á sigi brúarbitana kom í ljós að bitinn seig um a.m.k. 7 sm í miðju hafi á meðan vagnlestin fór yfir brúna.

Stærðir:

Spennarnir vigtuðu 117 tonn, flutningsbúnaður 74 tonn og heildarþungi því 191 tonn. Þess má geta þyngstu hlutir risaborana sem vega yfir 700 tonn samansettir eru um 50 tonn í flutningi.

Flutninga þessa annaðist fyrirtækið Mammoet frá Hollandi fyrir Eimskip og komu þeir með flutningsbúnaðinn með sér að utan þar sem ekki var til slíkur búnaður á Íslandi.

Enn meiri þungi hefur verið fluttur frá álvershöfninni í Reyðarfirði í álverið með sérstökum flutningsbúnaði.

Sigurður Hauksson



Dráttarbíll á hafnarbakka.



Á leið yfir Grímsá á Völlum.

Niðurstöður útboða

Festun og yfirlögn á Norðaustursvæði 2007-2008 07-048

Tilboð opnuð 3. júlí 2007. Festun með froðubiki og lögn tvöfaldrar klæðingar á Norðaustursvæði 2007-2008. Um er að ræða 8 vegkafla, alls um 19 km.

Helstu magntölur eru:

Festun með froðubiki 133.400 m²
Tvöföld klæðing 133.400 m²

Verki skal að fullu lokið 1. ágúst 2008.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
2	Borgarverk ehf., Borgarnesi	90.283.515	103,4	8.919
---	Áætlaður verktakakostnaður	87.320.000	100,0	5.955
1	Árni Helgason, Ólafsfirði	81.364.880	93,2	0



Tóm flutningslestin á leið yfir brú á Klifá.

Hafnarfjarðarvegur (40), gatnamót við Nýbýlaveg, eftirlit 07-065

Listi bjóðenda lesinn upp 19. júní 2007. Síðari opunarfundur var þriðjudaginn 26. júní 2007 kl. 14:15 þar sem lesnar voru upp einkunnir bjóðenda í hæfnismati og verðtilboð opnuð.

Eftirlit með verkinu „Hafnarfjarðarvegur (40), gatnamót við Nýbýlaveg“. Um er að ræða breikkun og færslu Nýbýlavegar í Kópavogi á um 650 m kafla, gerð tveggja hringtorga á Nýbýlavegi og þrenna undirganga ásamt endurbyggingu tenginga við Hafnarfjarðarveg. Einnig er innifalin færsla og endurlögn á raf- og símastrengjum, þ.m.t. á 132 kV háspennustreng í norðuröxl núverandi Nýbýlavegar, breytingar og nýlagnir vatns- og fráveitulagna og öll landmótun og frágangur í samræmi við útboðsgögn. Verkinu er skipt í áfanga en því skal að fullu lokið 15. júlí 2008.

Val bjóðanda fer fram á grundvelli hæfnisvals og verðs og bar bjóðanda að leggja fram tilboð sitt í tveimur hlutum, þ.e. upplýsingar um hæfni bjóðanda og verðtilboð.

Bjóðendur eru í stafrófsröð, einkunn, tilboðsupphæð (kr.):

Almenna verkfræðistofan hf.	56	15.930.000
Hnit hf. verkfræðistofa	58	13.024.000
Línuhönnun hf.	58	13.809.553
VSÓ Ráðgjöf ehf.	58	12.980.000

Yfirlagnir á Norðaustursvæði 2007, malbik við Akureyri 07-069

Tilboð opnuð 3. júlí 2007. Yfirlagnir með malbiki, á Norðaustursvæði árið 2007 við Akureyri.

Helstu magntölur eru:

Malbik	2.500 tonn
Útlögn	20.000 m ²

Verki skal að fullu lokið 1. september 2007.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávík (þús.kr.)
--- Áætlaður verktakakostnaður	32.264.000		

Í verkið bærust aðeins frávíkstilboð frá eftirtöldum aðilum:
Hlaðbær Colas ehf., Hafnarfirði
Malbikun K-M ehf., Akureyri

Hafravatsvegur (431), gatnamót við Krikahverfi 07-068.

Tilboð opnuð 3. júlí 2007. „Hafravatsvegur (431), gatnamót við Krikahverfi“

Verkið felst í gerð hringtorgs á Hafravatsvegi við Krikahverfi í Mosfellsbæ, móts við Jónsteig og Stórakrika, ásamt gerð undirganga úr báruplötum undir Hafravatsveg. Einnig gerð stoðveggjar við gangaenda, göngustíga ásamt tröppum, lýsingu, grjóthleðslu, landmótun, ýmsa lagnavinnu og frágang umhverfis. Einnig gerð útskota fyrir strætisvagna við Hafravatsveg. Gera þarf bráðabirgðaveg sem tengir saman Víðiteig og Völuteig til notkunar meðan á framkvæmdum stendur

Helstu magntölur eru:

Skeringar	29.000 m ³
Fyllingar	27.000 m ³
Burðarlög	5.100 m ³
Malbik	4.500 m ²
Stálbogagöng	20 m

Verkinu skal að fullu lokið 31. október 2007.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávík (þús.kr.)
4 Ístak hf., Reykjavík	156.559.494	141,0	41.915
3 Jarðvélar ehf., Reykjavík	155.000.350	139,6	40.356
2 Loftorka Reykjavík ehf., Reykjavík	139.093.400	125,3	24.449
1 Heimir og Þorgeir ehf. Reykjavík	114.644.672	103,3	0
--- Áætlaður verktakakostnaður	111.000.000	100,0	-3.645

Vetrarþjónusta á Hringvegi (1) um Öxnadalsheiði 2007-2010 07-049

Tilboð opnuð 10. júlí 2007. Snjómokstur með vörubifreiðum ásamt stjórnun og eftirliti með snjómokstri, innan ramma marksamnings, á leiðinni: Hringvegur (1) frá Ytrikotum í Norðurárdal og að Ólafsfjarðarvegi (82)

Helstu magntölur á ári (viðmiðunartölur marksamnings):

Mokstur og hálkuvörn með vörubíl	44.200 km/ár
Eftirlit á smábíl	7.800 km/ár
Vörubíll mokstur tímagjald	20 t/ár
Tímar manns	320 t/ár
Veghefill	25 t/ár

Verktími er frá 1. október 2007 til og með 30. apríl 2010.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávík (þús.kr.)
6 G. Hjálmarsson hf., Akureyri	21.662.800	108,9	5.379
--- Áætlaður verktakakostnaður	19.886.820	100,0	3.603
5 Túnþökusala Kristins ehf., Akureyri	19.721.500	99,2	3.438
4 Víðimelsbræður ehf., Sauðárkróki	18.896.800	95,0	2.613
3 Föl ehf., Akureyri	18.190.740	91,5	1.907
2 Malbikun K-M ehf., Akureyri	16.960.000	85,3	676
1 Icefox ehf., Akureyri	16.283.600	81,9	0

Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaralaust. Það eru auglýsingar útboða sem gefa endanlegar upplýsingar. Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdaedeildar. Rautt númer = nýtt á lista

Fyrirhuguð útboð	Auglýst: dagur, mánuður, ár
07-075 Göngubrú á Hítará, smíði stáls	07
07-070 Eyjafjarðarbraut vestri (821), Sandhólar - Nes	07
07-063 Upphéraðsvegur, Setberg - Ormarsstaðaá	07
07-051 Vetrarþjónusta Norðaustursvæði 2007-2010, Norður-Pingeyjarsýsla	07
07-052 Vetrarþjónusta Norðaustursvæði 2007-2010, Bakkafjörður - Vopnafjörður	07
07-054 Vetrarþjónusta Norðaustursvæði 2007-2010, Firðir	07
07-055 Vetrarþjónusta Norðaustursvæði 2007-2010, Hornafjörður	07
07-035 Festun og yfirlögn á Suðursvæði 2007-2008	07
07-026 Hringvegur (1), Draugahlíðarbrékka - Fossvellir, breikkun vegar	07
07-030 Skeiða- og Hrunamannavegur (30), Skipholt - Foss	07
07-038 Reykjanesbraut (41), gatnamót við Arnarnesveg, eftirlit	07
07-037 Reykjanesbraut (41), gatnamót við Arnarnesveg	07
07-040 Álftanesvegur (415), Hafnarfjarðarvegur - Bessastaðavegur, eftirlit	07
07-039 Álftanesvegur (415), Hafnarfjarðarvegur - Bessastaðavegur	07
07-031 Þórsmurkurvegur (249), Gljúfurá - Dalsá	07
07-019 Norðausturvegur (85), Brunahvammsháls - Bunguflói	07
07-018 Hringvegur (1), Hvalnes- og Þvottáskriður	07
07-012 Skagavegur (745), snjóastaðir	07
07-011 Framsveitarvegur (576), Snæfellsnesvegur - golfvöllur	07
07-010 Leirársveitarvegur (504), Leirá - Svínadalsvegur	07
07-009 Hvammstangavegur (72) um Hvammstanga	07
07-008 Miðfjarðarvegur (704), Laugarbakki - Hringvegur	07
06-031 Hringvegur (1), Borgarnes, vistgata	07
06-029 Skorradalsvegur (508), Grund - Hvammur	07
06-006 Upphéraðsvegur (931), Fellabær - Ekkjufell	07
06-007 Dettifossvegur (862), Hringvegur - Dettifoss	07
06-017 Hringvegur (1) um Hrutafjarðarbotn	07

Auglýst útboð	Auglýst:	Opnað:
07-072 Vetrarþjónusta á Norðausturvegi (85) á Tjörnesi og Kísilvegi (87) 2007-2010	16.07.07	31.07.07
07-073 Vetrarþjónusta á Hringvegi (1), Aðaldalsvegur (845) – Biskupsháls. 2007-2010	16.07.07	31.07.07
07-074 Vetrarþjónusta á Hringvegi (1), Norðausturvegi (85) og Aðaldalsvegi (845) frá Krossi til Húsavíkur 2007-2010	16.07.07	31.07.07
07-062 Óshlíðargöng, forval	18.06.07	07.08.07

Auglýst útboð, framhald	Auglýst:	Opnað:
07-053 Vetrarþjónusta Norðaustursvæði 2007-2010, Hérað	16.07.07	31.07.07
Útboð á samningaborði	Auglýst:	Opnað:
07-049 Vetrarþjónusta á Hringvegi (1) um Öxnadalshéiði 2007-2010,	25.06.07	10.07.07
07-069 Yfirlagnir Norðaustursvæði, 2007, malbik við Akureyri	18.06.07	03.07.07
07-068 Hafravatnsvegur (431), gatnamót við Krikahverfi	18.06.07	03.07.07
07-048 Festun og yfirlögn, Norðaustursvæði 2007-2008	18.06.07	03.07.07
07-065 Hafnarfjarðarvegur (40), gatnamót við Nýbýlaveg, eftirlit	04.06.07	19.06.07
06-004 Norðausturvegur (85), Hófaskarðsleið	23.04.07	15.05.07
Samningum lokið	Opnað:	Samið:
07-001 Akranesvegur (509), Esjubraut - Kalmansbraut <i>Þróttur ehf.</i>	15.05.07	07.06.07
07-061 Norðfjarðargöng og Óshlíðargöng borun rannsóknarholna <i>Ræktunarsamband Flóa og Skeiða ehf.</i>	22.05.07	27.06.07
07-028 Meðallandsvegur (204), Grænælur - Fossar <i>Framrás ehf.</i>	05.06.07	13.06.07
07-066 Hringvegur (1) um Staðará, <i>SG vélar ehf., Djúpvogi</i>	05.06.07	22.06.07
07-064 Hafnarfjarðarvegur (40), gatnamót við Nýbýlaveg <i>Istak hf.</i>	12.06.07	06.07.07
07-045 Efnisvinnsla Norðaustursvæði 2007, norðurhluti <i>Öllum tilboðum hafnað</i>	15.05.07	
07-050 Vetrarþjónusta Norðaustursvæði 2007-2010, Suður-Pingeyjarsýsla <i>Útboði breytt og númer felld niður</i>		

Auglýsingar útboða

Vetrarþjónusta Norðaustursvæði 2007-2010, Hérað 07-053

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í snjómokstur og hálkuvarnir með vörubifreiðum, ásamt upplýsingagjöf, á vegum á Jökuldalsheiði og Fljótshéraði, Seyðisfirði og Borgarfirði eystra á Austurlandi.

Helstu magntölur á ári, eru:

Snjómokstur og hálkuvörn

með vörubílum 1.200 klst.

Snjómokstur og hálkuvörn

með vörubílum 37.500 km

Verktími er frá 15. október 2007 til og með 15. maí 2010.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Búðareyri 11-13 á Reyðarfirði og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 16. júlí 2007. Verð útboðsgagna er 2.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 31. júlí 2007 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.